

FW: Fræðsla um hinsegin málefni fyrir kjörna fulltrúa og starfsfólk sveitarfélaga

Til : Skjalavarsla skjaladeild <Skjalavarsla@kopavogur.is>
Frá : Þjónustuver Kópavogsbæjar <Thjonustuver@kopavogur.is>
Heiti : FW: Fræðsla um hinsegin málefni fyrir kjörna fulltrúa og starfsfólk sveitarfélaga
Málsnúmer : 2507589
Málsaðili : Innviðaráðuneytið
Skráð dags : 04.07.2025 09:01:11
Höfundur : Þjónustuver Kópavogsbæjar <Thjonustuver@kopavogur.is>
Viðhengi : [image003.jpg](#)

From: Jóhanna Sigurjónsdóttir
Sent: föstudagur, 4. júlí 2025 08:46
Subject: Fræðsla um hinsegin málefni fyrir kjörna fulltrúa og starfsfólk sveitarfélaga

Góðan dag

Innviðaráðuneytið býður kjörnum fulltrúum og starfsfólki sveitarfélaga til fræðslufundar um hinsegin málefni. Samtökin '78 sjá um fræðsluna en markmiðið er auka þekkingu sveitarstjórnarfólks á réttindum og félagslegri stöðu hinsegin fólks. Fræðslan fer fram á fjarfundi (Teams) og í boði eru tvær tímasetningar til að velja úr:

- **Þriðjudagur 9. september kl. 11**
- **Miðvikudagur 10. september kl. 16.**

Þetta er í þriðja sinn sem ráðuneytið stendur fyrir slíkri fræðslu en verkefnið er liður í aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2022-2025. Hinsegin fólk þarf að eiga greiða leið að þjónustu í sínu nærumhverfi. Þjónusta og viðmót á að vera laust við fordóma og mismunun en bein og óbein mismunun og útilokun getur stafað af þekkingarskorti þeirra sem þjónustuna veita. Til að bæta stöðuna og draga úr fordómum og þekkingarskorti er mikilvægt að efla þekkingu kjörinna fulltrúa og starfsfólks sem sinnir þjónustu við almenning.

Fræðslan tekur um 1,5 klukkustund og er opin öllum kjörnum sveitarstjórnarfulltrúum og starfsfólki sveitarfélaga.

- [Skráning á fræðslufund](#)



Fræðsla um **hinsegin málefni**
fyrir kjörna fulltrúa og starfsfólk sveitarfélaga
9. september | 10. september



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

Bestu kveðjur,
Jóhanna

Jóhanna Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri / Project Manager

Skrifstofa sveitarfélaga, stafræna innviða og byggðamála / Department of Local Government, Digital Infrastructure and Regional Affairs

Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure

Sölvhólsgrötu 7, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8200

<http://www.irn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing